

Aðalskipulag Akraness 2021-2033

Afgreiðsla athugasemda – greinargerð skipulags- og umhverfissráðs 17.10.2022

Tillaga að Aðalskipulagi Akraness var auglýst 20. júní 2022.

Athugasemdafrestur var til 5. ágúst 2022. Sex athugasemdir bárust innan tilskilins frests.

Efni athugasemda er dregið saman í útdrátt þar sem leitast er við að formlegar kröfur og athugasemdir komi skýrt fram. Almenn umfjöllun og frekari rökstuðningur er ekki tekinn með í samantektinni og vísast til frumrita athugasemda í því sambandi. Hornklofar [...] tákna innskot eða úrfellingu. Beinar tilvitnanir eru innan gæsalappa.

NR.	Aðili	Efni athugasemda	Afgreiðsla
1	Samgöngufélagið 620999-3269 Jónas B. Guðmundsson fyrirsvarsmaður Engjavegi 29 400 Ísafirði. Dags. 22. júní 2022.	Athugasemd er gerð við tillögu að Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 og tillögu að Aðalskipulagi Akraness 2021-2033. Gerð er grein fyrir hugmyndum um nýja veglínu þjóðvegur um s.k. Grunnafjarðarleið, sem styttr vegalengdina milli Akraness og Borgarness um 7 km, helstu kostum hennar, viðfangsefnum í tengslum við útfærslu og framkvæmd og viðhorfskönnun sem gerð var í júní 2022. Vísað er til ákvæða í aðalskipulagi Akraness 2021 um vegstæði Grunnafjarðarleiðar. „Loks skal áréttað að ákvörðun um að gera ekki ráð fyrir vegi um Grunnafjörð varðar mun fleiri en íbúa sveitarfélagsins [Hvalfjarðarsveitar] ekki síst íbúa Akraness og Borgarness. Það sýnist því eðlilegt að tekið verði tilliti til þeirra viðhorfa sem fram koma þar og hníga mjög í þá átt að gert verði ráð fyrir vegi þessa leið. Er eindregið mælt til að svo verði gert í væntanlegu aðalskipulagi og endanleg ákvörðun um hvort vegur liggi þessa leið verði síðan tekin að fengnum niðurstöðum þeirra rannsókna sem vonandi verður ráðist í.“	Þar sem gert er ráð fyrir möguleika á s.k. Grunnafjarðarleið með afmörkun opins svæðis OP-320 í aðalskipulagi Akraness gefur athugasemdin ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

NR.	Aðili	Efni athugasemda	Afgreiðsla
2	Hestamannafélagið Dreyri 060969-4969 Ása Hólmarsdóttir stjórnarformaður f.h. Eiðisvatni 1 301 Akranesi. Dags. 5.8.2022.	<p>1. Vísað er til erindis hestamannafélagsins frá 30.12.2021 um reiðleiðir og öryggismál og þess óskað að það verði tekið til skoðunar af fagnefnd skipulagsmála. Erindið fjallaði um eftirtalda þætti:</p> <p>1.1 Um skilgreiningu ákvæða í deiliskipulagi Æðarodda.</p> <p>1.2 Reiðleiðir í landi Óss vestan Berjadalsár.</p> <p>1.3 Reiðleiðir í Flóahverfi.</p> <p>1.4 Reiðleiðir um Skógahverfi og Garðaflóa.</p> <p>1.5 Skilgreiningar stígakerfis. Umferð hestamanna á strandstíg um Innstavogsnes.</p> <p>1.6 Gamli þjóðvegurinn frá Æðarodda að Hausthúsatorgi. Skilgreining á notkun/umferð. Þess er óskað að umferð vélknúinna ökutækja verði takmörkuð sem mest. Vísað í góðan árangur af tálum sem settar voru í desembermánuði.</p> <p>2. Engir reiðstígar eru sýndir innan hesthúshverfisins í Æðarodda en þess í stað stofnstígar og strandstígar. Ekki gangi upp að beina hjólandi umferð inn í hverfið.</p> <p>3. Gerð er athugasemd við skilgreiningar á stofnstígum, tengistígum og strandstígum. Skilgreining þeirra gangi ekki upp miðað við uppdrátt. Spurt er hver staða hestamanna sé á þessum stígum. Óskað er eftir fundi með umhverfis- og skipulagsráði um málið.</p>	<p>1.1 Á ekki við aðalskipulag.</p> <p>1.2 Reiðleiðir norðan Berjadalsár verða færðar inn á skipulagsuppdrátt og tekið mið af tillögum hestamannafélagsins við útfærslu þeirra.</p> <p>1.3 Ekki verður gert ráð fyrir reiðleiðum innan Flóahverfis en lagt til að reiðleið verði mörkuð austan hverfisins frá Akrafjallsvegi norður að Berjadalsá.</p> <p>1.4 Ekki verður gert ráð fyrir reiðleiðum á skógræktar- og útivistarsvæðum sunnan Akrafjallsveggar við Skógahverfi.</p> <p>1.5 Sjá afgreiðslu á þriðja lið þessa erindis.</p> <p>1.6 Ekki er um aðalskipulagsmál að ræða.</p> <p>Ábendingin er réttmæt enda er fyrir mistök rangur litur á reiðstígunum í hverfinu á tillöguuppdrætti. Rauðir stígar innan Æðarodda eiga að vera brúnir (reiðleiðir) eins og í eldra/gildandi aðalskipulagi. Áfram verður gert ráð fyrir strandstíg á jaðri hverfisins.</p> <p>Ekki er gert ráð fyrir að stofn- og tengistígar nýtist sem reiðleiðir. Á uppdrætti eru tengistígar og reiðleiðir samhliða á nokkrum stöðum en stefnt er að aðgreiningu reiðleiða frá annarri stígaumferð þar sem það er mögulegt. Samnýting stíga verður óhjákvæmileg á nokkrum stöðum um tíma.</p>
3	Lex lögmannsstofa Jónas A. Aðalsteinsson lögmaður fyrir hönd Sementsverksmiðjunnar ehf. 560269-5369 Mánabraut 20 300 Akranesi. Dags. 28. júlí 2022.	Vísað er til fyrri athugasemda Sementsverksmiðjunnar um aðalskipulag hafnarsvæðisins dags. 20. mars og 15. ágúst 2018 og ítrekaðar þær athugasemdir sem þar voru settar fram. Athugasemdir eru ekki settar fram í erindinu.	Efni athugasemdarinnar á við breytingu, sem gerð var á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 árið 2019 og staðfest var 30. apríl það ár. Endurskoðað aðalskipulag er óbreytt að þessu leyti. Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga.

NR.	Aðili	Efni athugasemda	Afgreiðsla
4	<p>Libra lögmenn ehf. 540599-2899 Árni Ármann Árnason hrl. Tjarnargötu 36 101 Reykjavík fyrir hönd Grenja ehf. 570901-2490 Baugalundi 20 300 Akranesi. Dags. 26. júlí 2022.</p>	<p>Grenjar ehf. er eigandi fasteigna á Bakkatúni 26, 28 og 30 og Krókatúni 22-24 sem standa á eignarlóðum sem ná út í Lambhúsasund og Krókalón. Lóðunum tilheyra netlög út í sjó. „Í gildandi aðalskipulagi fyrir Akranes 2005-2017 eru framangreindar eignir umbj. míns ekki hverfisverndaðar. Í tillögu að nýju aðalskipulagi fyrir Akranes 2021 - 2033 er hins vegar gert ráð fyrir að framangreindur eignarréttur umbj. míns verði hverfisverndaður og að hann falli undir svæði sem merkt eru með númerunum HV-121 og HV-149 á aðalskipulagsupprætti. Umbj. minn mótmælir því harðlega að eignarréttur hans að framangreindum fasteignum verði skertur með hverfisvernd eins og fyrirhugað aðalskipulag gerir ráð fyrir.“</p>	
		<p>1. Ekki hefur verið sýnt fram á neina þörf fyrir hinni fyrirhuguðu hverfisvernd. Vísað er til tillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og að fram komi að tillögur NÍ hafi ekki verið afgreiddar.</p>	<p>Krókalón nýtur hverfisverndar nú þegar og er engin breyting gerð á verndarákvæðum við endurskoðun aðalskipulagsins. Hverfisverndarsvæði á Vesturflös tekur að hluta mið af tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands um verndarsvæði á Suðurflös og Vesturflös. Hverfisverndarákvæði skerða ekki nýtingarmöguleika lóðarhafa þar sem engar heimildir eru til mannvirkjagerðar á Grenjum utan marka hafnarsvæðis H-120. Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.</p>
		<p>2. Ekkert samráð hefur verið haft við umbjóðanda bréfitara áður en ákvæði um hverfisvernd var sett inn í skipulagstillöguna. Slíkt samráð sé nauðsynlegt.</p>	<p>Kynning og samráð við endurskoðun aðalskipulagsins var í samræmi við ákvæði skipulagslaga þar um. Ekki var haft sérstakt samráð við eigendur eignarlanda sem ekki urðu fyrir áhrifum eða skerðingum vegna nýrra skipulagsákvæða. Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.</p>
		<p>3. Framangreind eignarréttindi eru varin af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar sbr. 72., gr. laga nr. 33/1944. Slíkan eignarrétt má ekki skerða nema brýna nauðsyn beri til en ekki hafi verið sýnt fram á það hvað varðar umræddar fasteignir.</p>	<p>Eignarréttur lóðareigenda á fjöru og sjávarbotni er í engu skertur með afmörkun hverfisverndarsvæða þar sem engar nýtingar- eða uppbyggingarheimildir eru fyrir hendi utan skilgreindra landnotkunarreita þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum. Eigendur hafa</p>

NR.	Aðili	Efni athugasemda	Afgreiðsla
		<p>4. Fasteignir umbj. bréfitara eru á skilgreindu iðnaðarsvæði þar sem mjög mikil uppbygging og umsvif hafa verið síðustu áratugina. Í framtíðinni er gert ráð fyrir viðbótarbyggingum og auknum umsvifum á svæðinu. Ekki eru ásættanleg ákvæði [um hverfisverndarsvæði] um að mannvirkjum skuli haldið í lágmarki og að þau skuli taka mið af umhverfi svæðanna með tilliti til náttúrufars og útivistar.</p> <p>„Í ljósi röksemda sem komið hafa fram í bréfi þessu ítrekar umbj. minn hér með mótmæli sín við því að eignarréttur hans að framangreindum fasteignum verði skertur með hverfisvernd eins og fyrirhugað aðalskipulag gerir ráð fyrir.“</p>	<p>áfram full afnot af sinni eign í samræmi við staðhætti í fjöru og á sjávarbotni.</p> <p>Í athugasemdinni er vísað til ákvæða um hverfisverndarsvæði. Athugasemdin gefur ekki tilefni til ályktunar.</p> <p>Eignarréttur af fasteignum er í engu skertur með afmörkun hverfisverndarsvæða. Heimildir til mannvirkjagerðar á svæðinu miðast við skilmála og mörk landnotkunarreits H-120, sem hefur verið stækkaður nokkuð frá aðalskipulagi Akraness 1980 og 1992.</p>
5	Landsnet hf. Jórunn Gunnarsdóttir verkefnastjóri Gylfaflöt 9 112 Reykjavík. Dags. 3.8.2022.	<p>Landsnet bendir á að fyrirtækið sé ekki tilgreint sem umsagnaraðili og fékk því ekki drög að endurskoðuðu aðalskipulagi til umsagnar í febrúar 2022. Tvær 66 kV flutningslínur, jarðstrengir, liggja milli tengivirkis á svæði I-145 á Akranesi og Brennimels í Hvalfirði og Vatnshamra.</p> <p>1. Í skipulagsgögnum er ekki umfjöllun um þær takmarkanir sem jarðstrengir hafa á nærliggjandi landnotkun. Landsnet leggur áherslu á gerð verði grein fyrir takmörkunum sem gilda á öryggissvæðum og helgunarsvæðum jarðstrengja sbr. nánari skýringar í bréfinu.</p> <p>2. Bent er á að á mynd 31 í forsenduskýrslu skipulagsins, sem sýnir veitukerfi sveitarfélagsins, eru sýndar gamlir strengir og loftlínur, sem teknar hafa verið úr notkun.</p>	<p>Umfjöllun um rafveitu í kafla 5.6.3 verður lagærð og gerð grein fyrir takmörkunum, sem eiga við framkvæmdir, jarðrask og ræktun á öryggis- og helgunarsvæðum flutningslína raforku. Sett er ákvæði um samráð við Landsnet þess vegna.</p> <p>Þakkað er fyrir ábendinguna. Skýringarupprátturinn hefur verið leiðréttur.</p>

NR.	Aðili	Efni athugasemda	Afgreiðsla
6	Veitur ohf. 501213-1870 Helga Rún Guðmundsdóttir Bæjarhálsi 1 110 Reykjavík. Dags. 25.7.2022.	<p>„Veitur fagna nýrri umhverfisstefnu og benda á að rétt er að setja stefnu um markmið og áhrif aðgerða en ekki meitla í stein hvaða verkfæri skal nota.</p> <p>1. Í stað þess að útbúa sérstaka stefnu um innleiðingu sjálfbærra ofanvatnslausna þá gæti innleiðingin falist í gerð og framfylgd annarra áætlana sem fjallað er um hér í þessu skjali. Þá aðallega aðlögunaráætlunar að loftslagsmálum (markmið um flóðaáhættu), náttúruverndar-áætlun (markmið um vatnsgæði og mengunaráhættu).“</p> <p>2. „Veitur óska eftir tækifæri til að koma að vinnunni og leggja til að framtíðarsýn á uppbyggingu veitukerfa á Akranesi verði unnin í nánu samstarfi við Veitur. Veitur benda einnig á og hafa áhyggjur af auknum fjárfestingu þegar verið er að staðsetja uppbyggingarsvæði fyrir iðnað í mikilli fjarlægð frá núverandi kerfum Veitna eins og gert er í nýrri tillögu.“</p> <p>3. „Veitur leggja áherslu á mikilvægi áframhaldandi góðs samstarfs og gera ekki frekari athugasemdir við tillöguna.“</p>	<p>Akraneskaupstaður mun áfram leitast við að bæta gæði vatns og umhverfis með hagnýtingu s.k. blágrænna ofanvatnslausna þar sem þær eiga við. Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á tillögunni.</p> <p>Landrými innan bæjarmarka Akraness er takmarkað og ræðst skipulag byggðar og þar á meðal iðnaðar- og athafnasvæða af því. Samráð verður haft við Veitur ohf. um þróunaráætlun/húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar. Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytingar á skipulagstillögunni.</p> <p>Gefur ekki tilefni til ályktunar.</p>

Umsagnir

NR.	Aðili	Efni athugasemda	Afgreiðsla
1	Minjastofnun Dags. 10.4.2022 Magnús A. Sigurðsson.	1. Yfirlit og nokkrar almennar ábendingar ásamt tilvísunum í stefnu aðalskipulagsins m.a. um minjavernd og húsaveynd. Mikilvægi samráðs við Minjastofnun er ítrekað.	Nokkur atriði, sem nefnd eru, snúa að efni, stefnu og ákvæðum sem þegar eru í greinargerð aðalskipulagsins og gefa ekki tilefni til ályktunar.
		2. Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram í sveitarfélaginu öllu í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands. Skráning húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.	Ákvæði eru sett um tímasetta rannsóknaráætlun þar sem aðalskrá fornleifa frá 1999 verður yfirfarin og endurskoðuð og fornminjar innmældar í samræmi við ákvæði nágildandi laga um menningarminjar. Athugasemdin gefur ekki tilefni til endurskoðunar þeirrar áætlunar.
		3. Í greinargerð með aðalskipulagi skal gera grein fyrir húsum og mannvirkjum á öllu skipulagssvæðinu sem falla undir lög um menningarminjar og skrá samkvæmt stöðlum Minjastofnunar í húsaskrá.	Gerð er grein fyrir friðlýstum húsum í greinargerð og í forsenduhefti skipulagsins. Í viðauka forsenduheftis eru tilgreind hús, sem að óbreyttum lögum um menningarminjar munu falla undir aldursákvæði laganna á skipulagstímabilinu.
		4. Skal skrá friðlýst og friðuð hús og mannvirki og hús og mannvirki sem byggð voru 1925 og fyrr	Bætt er skýrri vísun í forsenduhefti inn í kafla 4.2.2 um menningarminjar í greinargerð.
		5. Minjastofnun telur þörf á að ítreka að óheimilt er að veita leyfi til bygginga, framkvæmda, eða skógræktar án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og 5. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019 auk þess sem skráning fornleifa, húsa og mannvirkja þarf að hafa farið fram áður en deiliskipulag er samþykkt	Í kafla 4.2.1 eru skýr ákvæði um aðgát, tilkynningar-skyldu og samráð við Minjastofnung með vísun í lög um menningarminjar nr. 80/2012. Verklagsreglur Minjastofnunar gilda þó þeirra sé ekki getið í greinargerð aðalskipulagsins. Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á texta greinargerðar.
2	Umhverfisstofnun Dags. 10.4.2022. Axel Benediktsson Agnes Þorkelsdóttir	1. Flokkar friðlýstra svæða Bent er á að undir flokka friðlýstra svæða falla einnig „verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda“ (50. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013) og „friðlýsing svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingar-áætlunar“ (53. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013).	Umfjöllun í kafla 1.3.1 í forsenduhefti verður uppfærð til samræmis við nýja verndarflokka.
		2. Blautós og Innstavogsnes. UST bendir á mikilvægi þess að samráð verði haft við stofnunina um stígagerð á svæðinu, að raski verði	Í reglum um friðlandið eru skýr ákvæði um að mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háð leyfi UST og umhverfisnefndar Akraness.

NR.	Aðili	Efni athugasemda	Afgreiðsla
		<p>halðið í lágmarki og að allar framkvæmdir verði utan varptíma og rýri ekki verndargildi þess.</p> <p>Einnig er bent á mikilvægi þess að fjallað verði um hvort framkvæmdir utan friðlandsins geti á einhvern hátt haft áhrif á það.</p>	
		<p>3. Sérstök vernd náttúruverndarlaga</p> <p>Umhverfisstofnun telur æskilegt að svæði, sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga innan sveitarfélagsins, séu sýnd á þemauppdrætti svipað og á mynd 5 forsenduskýrslu, sem sýnir vistgerðir innan sveitarfélagsins.</p>	<p>Þemauppdráttur (mynd 5) í kafla 1.3 í forsenduhefti er uppfærður.</p>
		<p>4. Mikilvæg fuglasvæði</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að innan Blautóss er skilgreint mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Ní en svæðið er alþjóðlega mikilvægt sem viðkomustaður fyrir margæsir.</p> <p>Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðið í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.</p>	<p>Mikilvægt fuglasvæði verður sérmerkt á þemauppdrætti (mynd 5) um sérstaka vernd í kafla 1.3 í forsenduhefti.</p>
		<p>5. Stjórn vatnamála</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni</p>	<p>Gerð er grein fyrir vatnsvernd í kafla 1.4 í forsenduhefti. Ákvæði aðalskipulags um vatnsvernd eru í kafla 4.3 í greinargerð. Stefna um vatnsgæði í ám, vötnum og við strönd eru í góðu samræmi við markmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og Vatnaáætlun Íslands 2022-2027. Hvorki er vísað til laganna né áætlunarinnar í greinargerð skipulagsins. Ekki er ljóst af athugasemd UST hvort farið er fram á breytingar eða lagfæringar á skipulagsgögnum.</p>
		<p>6. Úrgangur</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 taka gildi breytingar á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Breytingarnar snúa að því að stuðla að</p>	<p>Áætlun um söfnun, flokkun og meðhöndlun úrgangs er sjálfstæð framkvæmdaáætlun og á ekki heima í aðalskipulagi. Unnt verður að bregðast við breyttum forsendum og aðferðum við sörpmeðhöndlun án</p>

NR.	Aðili	Efni athugasemda	Afgreiðsla
		<p>hringrásarhagkerfi með innleiðingu regluverks ESB og um leið ýta í framkvæmd stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum.</p> <p>Rakin eru nokkur framkvæmdaatriði ú tengslum við söfnun, flokkun og meðhöndlun úrgangs.</p> <p>Umhverfisstofnun telur að í greinargerð ætti að vera umfjöllun um hvernig sveitarfélagið hyggst ráðstafa lífúrgangi og síðar meir öllum lífbrjótanlegum úrgangi, á annan hátt en að senda til urðunar eða til brennslu.</p>	<p>breytingar á aðalskipulagi. Ábendingin gefur ekki tilefni til breytingar á skipulagstillögunni.</p>
		<p>7. Landfylling</p> <p>Bent er á misræmi í kafla 3.8.2 þar sem vísað er í rangan landnotkunarflokk.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi í tillögunni stærð, lögun, áætluð efnisþörf, hverskonar efni verður nýtt í landfyllinguna og hvaðan efnið kemur.</p> <p>Bent er á ákvæði 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda vegna áforma um landfyllingar og að varp efna og hluta í hafið sé óheimilt.</p>	<p>Misræmi í kafla 3.8.2 í greinargerð er leiðrétt.</p> <p>Gerð er grein fyrir umfangi og flatarmáli landfyllinga í greinargerð. Efnisgerð og efnisnámur verða ekki tilgreindar í aðalskipulagi.</p> <p>Önnur atriði gefa ekki tilefni til ályktunar.</p>
		<p>8. Þróunarsvæði – starfsleyfi</p> <p>Í greinargerð segir að afmörkun þróunarsvæða er fyrst og fremst skýr ábending til eigenda og annarra hagsmunaaðila um þróunarstarf og að breytinga kunni að vera að vænta á svæðunum. Miðað er við að aðalskipulagi innan þróunarsvæðanna verði breytt gefi ný og breytt áform á grunni þróunaráætlana eða samkeppni tilefni til þess.</p> <p>Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998</p>	<p>Starfsleyfisskyld starfsemi skal vera í samræmi við skipulagsákvæði á hverjum tíma. Landnotkun er skilgreind í aðalskipulagi og er ein forsenda slíkra starfsleyfa. Breytingar á landnotkun í aðalskipulagi geta haft áhrif á starfsleyfisskylda starfsemi þegar þar að kemur að undangengnum kynningum, samráði og formlegu auglýsinga- og samþykktarferli skv. skipulagslögum. Gildandi aðalskipulag er á hverjum tíma forsenda starfsleyfisskyldrar starfsemi. Útgáfa starfsleyfa á ekki að ráðast af framtíðarhugmyndum um landnotkun, sem ekki hafa stöðu sem lögformlegt skipulag. Frekari útskýringa er ekki þörf.</p>

NR.	Aðili	Efni athugasemda	Afgreiðsla
		<p>um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.</p>	
		<p>9. Strandsvæði Í greinargerð segir að hluti strandsvæða nýtur hverfisverndar og gilda þar hverfisverndarákvæði. Umhverfisstofnun bendir á að hluti strandsvæða er innan friðlandsins og gilda þar ákvæði friðlýsingarinnar. Einnig er Nestjörn skilgreind sem strandsvæði, en tjörnin fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og eiga því ákvæði laganna þar við.</p>	<p>Þakkað er fyrir ábendingu sem leiðir til lagfæringar á greinargerðartexta í kafla 3.20.</p>
		<p>10. Mengaður jarðvegur Vísað er til umfjöllunar um Höfðasel og að hugsanlega sé mengaður jarðvegur þar sem gömlu öskuhaugarnir voru. Samkvæmt 9. gr. reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg skal heilbrigðisnefnd gera frummat á aðstæðum ef á svæðinu er mögulega mengaður jarðvegur. Unnið er að gerð gagnagrunns yfir menguð svæði og svæði þar sem grunur er um mengun. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að menguð svæði og svæði sem grunur er um mengun séu skilgreind sem varúðarsvæði í skipulagi í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013.</p>	<p>Tillaga að bókun: Vinna við deiliskipulag stendur yfir. Hluti af þeirri vinnu er að kanna hvaða hluti lands er ómengaður og tækur undir atvinnustarfsemi. Við sérákvæði fyrri svæði I-316 bætist: Nýting svæðisins ræðst m.a. af niðurstöðum jarðvegsrannsóknna.</p>